



Alþingi

Erindi nr. B 123/495

komudagur 8.12.98

Frumvarp til laga um breytingu á
skaðabótalögum nr. 50/1993 – 183. mál.

Reykjavík, 7. desember 1998

Stjórn Lögmannafélags Íslands fól laganefnd félagsins að fara yfir og semja umsögn um framangreint frumvarp.

Umsagnarbeiðnin barst félaginu 20. nóvember 1998 og frestur til að skila umsögn var til 4. desember 1998. Að mati laganefndar er 14 daga umsagnarfrestur um svo mikilvægt lagafrumvarp full stuttur.


Laganefnd vill gera athugasemdir um eftirfarandi atriði í frumvarpinu.

1. Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins er fyrirhugað að breyta 1. mgr. 2. gr. skaðabótalaga þannig að í stað þess að miða bætur fyrir tímabundið atvinnutjón fyrir tímabilið þar til ekki er að vænta frekari bata, eins og núgildandi ákvæði hljóðar, verði miðað við tímabil þar til heilsufar tjónþolans er orðið stöðugt. Tilgangurinn með þessari breytingu er útskýrður í greinargerð með frumvarpinu og eru ekki gerðar sérstakar athugasemdir um það. Hins vegar bendir laganefnd á að gleymst hefur að gera ráð fyrir sambærilegri breytingu á orðalagi í 1. mgr. 5. gr. laganna.

2. Samkvæmt 13. gr. frumvarpsins er fyrirhugað að bæta nýrri málsgrein við 26. gr. skaðabótalaga, sem felur í sér það nýmæli að nánar tilteknir ættingjar látins manns eigi rétt til miskabóta í vissum tilvikum úr hendi tjónvalds. Samkvæmt frumvarpstextanum sjálfum er skilyrði miskabóta það að tjónvaldur valdi dauða annars manns af ásetningi eða gáleysi. Samkvæmt athugasemdum með þessu ákvæði frumvarpsins er hins vegar miðað við að brotið hafi verið framið af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Frumvarpstextinn gerir að þessu leyti ráð fyrir mun víðtækari miskabótarétti en greinargerð frumvarpsins.

Laganefnd telur að í frumvarpi þessu felist veruleg réttarbót og hvetur eindregið til þess að frumvarpið verði afgreitt sem lög frá Alþingi.

Virðingarfyllt
f.h. laganefndar L.M.F.Í.


Andri Árnason, hrl., formaður